

Mál nr. 135/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttengið 14. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 6. júní 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 20. apríl 2023, orðið fyrir líkamstjóni þega rafskúta sem hann ók stöðvaðist skyndilega með þeim afleiðingum að hann fór í kollhnís af henni og lenti illa. Hafi varanleg örorka M vegna þessa slyss verið metin 7%. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X, leigusala rafskútunnar, vegna slyssins en þeirri kröfu var hafnað af hálfu V hinn 7. febrúar 2025. Kröfu sína byggir M á því að vanbúnaður skútunnar hafi leitt til þess að hún stöðvaðist skyndilega. Skynjari í henni hafi verið bilaður og vitneskja hafi verið til staðar hjá X varðandi það að ýmiss konar vandamál hafi verið með skynjarana og hafi viðgerð á þeim verið innleidd nokkrum mánuðum fyrir slys M. Framangreint komi fram í tölvupósti Y, starfsmanns X, til M dags. 24. apríl 2023. Af þeim tölvupósti sé ljóst að vitneskja um vankanta á skynjurum hafi verið til staðar fyrir slys M og gera verði ríkar kröfur til X hvað varði viðhald og eftirlit með búnaði sem sé leigður út til almennings í atvinnuskyni. Sé ótækt að ekki hafi verið brugðist fyrr við og viðgerðir framkvæmdar á umræddum skynjurum, enda hafi vitneskja um vanbúnað þeirra legið fyrir í nokkra mánuði. V hafi byggt höfnun sína á því að hugbúnaður hafi verið bilaður og að X hafi ekki haft neina vitneskju um þá bilun. Engin gögn séu lögð fram af hálfu V þessu til stuðnings og hljóti að verða að miða við frumgögn málsins hvað þetta varði, þ.e. fyrrgreindan tölvupóst Y, en ekki síðari skýringar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að við skoðun á rafskútunni eftir slys M hafi komið í ljós bilun í hugbúnaði sem hafi valdið því að skútan stöðvaðist. Slíkt hafi ekki gerst áður og hafi X enga vitneskju haft um þessa bilun. Hafi X brugðist strax við og uppfært búnaðinn, en þessi bilun geti hafa átt við um örfá tæki í eigu X, og hafi engin önnur tilvik átt sér stað vegna sömu bilunar. Þau vandamál sem hafi áður verið þekkt hafi tengst því að rafskútur færu ekki stað og séu því annars eðlis en sú bilun sem olli slysi M. Sé samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á saknæma háttsemi af hálfu X sem leitt hafi til slyss M.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á tjón sitt og að það sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Óumdeilt virðist að slys M megi rekja til þess að rafhlaupahjólíð sem hann var á stöðvaðist skyndilega, og að þá stöðvun sé að rekja til bilunar í búnaði þess. Í fyrrgreindum tölvupósti Y til M kemur fram að um bilun í skynjara hjólsins hafi verið að ræða og hafi þetta aldrei gerst áður. Þá segir í póstinum að viðgerð á skynjurum hjólanna standi yfir til að losna við alls konar vandamál sem hafi valdið því að hjólin færu ekki af stað. Hafi Y sterkan grun um að þessi bilun hafi orðið vegna þess að skynjarar hafi byrjað að vera lélegir og ekki búið að gera þá upp enn.

Af framangreindu verður að telja að X hafi verið kunnugt um vandamál sem ollu því að rafskútur færu ekki af stað við leigu. Þó slíkt vandamál séu vissulega hvítleið verður ekki séð að þau feli í sér slyshættu. Verður því ekki litið svo á að það að uppfærslu allra skynjara hafi ekki verið lokið er slys M varð feli í sér saknæma vanrækslu af hálfu X. Gegn neitun X er þá ekki sýnt fram á að vitneskja um að hjólin gætu bilað með þeim hætti að þau stöðvist skyndilega hafi verið til staðar fyrir slys X. Ekki er heldur, en engin frekari gögn um umræddan skynjara, gerð hans, virkni eða ástand, liggja fyrir nefndinni, sýnt fram á að X hafi mátt vita að ástand hans væri slíkt að leitt gæti til slyss eins og þess sem M varð fyrir.

Af öllu framansögðu, og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, er því ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. Af því verður M að bera hallann og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. júlí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir